



Tré ársins 2009

– hengibjörk í Kjarnaskógi

Höfundur Hallgrímur Indriðason

Þann 24. september í haust útnefndi Skógræktarfélag Íslands tré ársins, eins og gert hefur verið undanfarin ár. Fyrir valinu varð um 11 m hátt hengibirki sem er á útivistarsvæðinu í Kjarnaskógi við Akureyri. Tréð stendur eitt og stakt en er umkringt sitkagreniskógi að sunnan og vestan. Hengibirkið hefur sennilegar verið gróðursett fljótlega eftir 1970. Aldur trésins er því um 40 ár. Það er í samræmi við stærð og útlit nokkurra sambærilegra birkitrjáa í gördum á Akureyri.

Upprunaleg heimkynni hengibjarkar (*Betula pendula*) eru í Norður- og Mið-Evrópu og Norður-Asíu. Hengibjörkin líkist ilmbjörk en verður stærri og greinarnar slúta til endanna. Árssprotar er hárlausir en alsettir ljósum fíngerðum harpíx vörtum. Blöðin eru stíklöng og langydd. Tréð er gjarnan beinvaxið og með ljósan stofn.

Hengibjörkin fellur sérlega vel að hinum fjölbreytta útivistarskógi í Kjarna. Króna trésins er laufrik, slútandi greinar bera með sér tign og ákveðna slökun. Það er gott að stunda útivist nærri slíkum lífverum. Haustlitir hengibirkisins eru ívið skærgulari en á íslenska birkinu, blöðin gulna nokkru fyrir en á Bæjarstaðabirkinu. Slútandi greinarnar eru líka áberandi þegar laufblöðum fer að fækka á haustin. Ilmbjörkin íslenska (*Betula pubescens*) hefur einnig fundist með hangandi greinum líkt og hengibirkið.

Kjarnaskógur er fjölbreyttur og blandaður skógur og sennilega vaxa þar ekki færri en 120 tegundir og tegundakvæmi. Orsakir þessarar fjölbreytni má m.a. rekja til þess að Skógræktarfélag Eyfirðinga starfrækti í Kjarna uppeldisstöð fyrir trjáplöntur frá árinu 1947 og til ársins 2004. Um árabíl voru ýmsar afgangsplöntur úr plöntusölunni fluttar, síðsumars eða á haustin, út í skóginn til þess að auka á fjölbreytileikann.

Ekkert er hægt að segja með vissu um uppruna þessarar fegurðardrottningar ársins 2009 í Kjarna, en leiða má líkur að því að hengibirkinu hafi verið sáð í gróðrarstöð Skógræktar ríkisins á Vöglum í Fnjóskadal um eða eftir 1965. Á þeim tíma komu 400 g af hengibirkifræi frá Rognan í Nordlandfylki í Noregi til sáningar á Vöglum. Þá var í gildi samkomulag um það að Skógræktarfélag Eyfirðinga fengi sáningarplöntur frá Vöglum og dreifsetti í græðireiti í Gróðrarstöðinni í Kjarna. Hluti af plöntum var svo seldur sem garðplöntur á Akureyri og nágrenni.

Hengibirki frá Kivalo og Kittila í Finnlandi barst einnig til gróðrarstöðva á Íslandi um þetta leyti og ekki er útilokað að eitthvað af þeim plöntum hafi borist í Kjarnaskóg. Því fræi var þó aðallega sáð í Fossvogstöðinni og á Hallormstað.

Hengibirkið í Kjarna verðskuldar þá athygli sem það hefur fengið og hvetur okkur til þess að nota fleiri og fjölbreyttari tegundir trjáa við skógrækt á útivistarsvæðum í þéttbýli og á nýjum skógræktarsvæðum.



Lýsandi gulur haustlitur hengibirkisins sker sig frá grænum vegg sitkagrenisins í baksýn. Hengibirkið er líklega norskrar ættar, eins og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga, Johan Holst.



Hengibjörk í Kjarnaskógi var útnefnd tré ársins 2009 af Skógræktarfélagi Íslands. Tréð er um 10,95 m á hæð. Þvermál stofna í 130 sm hæð er 20 sm. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, afhendir bæjarstjóranum á Akureyri, Hermann Jóni Tómassyni, skjal þessu til staðfestingar.

